

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2017/EES/3/05

nr. 179/2015

frá 10. júlí 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/573 frá 30. janúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í pólývínýlklóríðnema í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/574 frá 30. janúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kvikasilfur í kerfi til innæðaómskoðunar, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 L 0573**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/573 frá 30. janúar 2015 (Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 4),
- **32015 L 0574**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/574 frá 30. janúar 2015 (Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 6).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra tilskipana (ESB) 2015/573 og (ESB) 2015/574, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 6.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.